

# Vallarnefnd

## Verkefni á vordögum 2021

- 1.hola - Fjarlægja og laga meira til í gróðri hægramegin við braut.
- 2.hola - Klára að slétta og tyrfa aftan við flöt.



3. hola - Ljúka endurbyggingu á hvítum teig og fjarlægja aspir á eyju sem skyggja á útsýni af teig. Markmið með að fjarlægja aspirnar er að kylfingur sjái hvort bolti endi í tjörn eða skógi þar sem vallarmörk eru, og að kylfingar séu ekki í neinum vafa hvoru megin boltinn endaði.



12. hola – Blár og rauður teigur slitnir í sundur og endurgerðir. Blár teigur verður þar sem aftari hluti rauða teigsins er í dag. Rauður teigur verður svo rétt framan við núverandi rauðan teig. Nýr stígur gerður meðfram þessum teigum og tengdur stígakerfi við 4-7-8 holur. Uppgröftur úr stíg notaður sem uppbyggingarefni í nýjan rauðan teig.

Markmið: Uppfylla kröfur um fjóra teiga á hverri holu með eðlilegum lengdarmun og losna við blaut svæði sem eru meðfram þessum tveimur teigum í dag.

Ath! Vonandi vinnst tími til að fara í þetta meðfram opnun vallar nú í vor.



12 .hola - Drena, lagfæra og endurmóta blauta forflöt loka þremur glompum og gera eina nýja hægra megin við flöt. Dren vinstra megin við forflöt þarf að laga við tækifæri.

Markmið: Losna við vatn og gera svæðið framan við flöt meira aðlaðandi, sanngjarnara og auðveldar í umhirðu.



17. hola - Lagfæra og slétta órækt í röffi vinstra megin til að gera þverskurð sem þar er sýnilegan af teig. Svæðið svo slegið sem röff vinstramegin. Vallarmörk verða sýnileg og myndi skýra línu af teigum séð. Kylfingur á að vera nokkuð öruggur með að finna golfboltann sinn og að það sé ljóst að kylfingar þurfi að slá 3ja högg af teig sé golfboltinn út af vellinum. Hugsanlega þarf að færa nokkur tré til að vallarmarkar línan sé augljós af teig.



18.Hola - Loka öllum þremur glömpum, lagfæra dren og laga til framan við flöt hægramegin. Gerð verður ein ný stór glömpu lengra frá flöt enn þær sem fyrir eru.

Markmið: Losna við vatn, minnka verulega sandaustur upp á flötina og gera aðkomu að flöt snyrtilegri meira aðlaðandi og auðveldari í umhirðu.



Hér að ofan er skissa af því sem verið er að tala um á 18 holu. Innri línur í flöt eru núverandi flöt, ytri línur hugmynd að útlínunum nýrrar flatar sem ekki er á dagskrá en vonandi verður hægt að fara í á næstu árum.

Fleiri verkefni eru á löngum lista vallarnefndar og vonandi getum við farið í eitthvað af þeim í haust meira um það síðar.

Fyrir hönd vallarnefndar,  
Kristvin Bjarnason formaður